

Fuglahundadeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2020

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 28. maí 2021 í Síðumúla 15

Stjórn

Í stjórn sitja; Unnur A. Unnsteinsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Atli Ómarsson, Bragi Valur Egilsson og Jón Ásgeir Einarsson. Þrjú sæti eru laus í stjórn en Atli Ómarsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir hafa setið þau ár sem þeirra kosning náði til.

Fuglahundadeild er safndeild innan HRFÍ en deildinni tilheyra; Bracco Italiano, Breton, Enskur Pointer, Gordon Setter, Korthals Griffon, Pudelpointer, Vizsla og Weimaraner.

Farið var í þá vinnu að fá tengiliði meira að borðinu með það að marki að finna hvað má gera betur í starfinu. Tengiliðir búa yfir mikilvægri þekkingu um þarfir innan sinna tegunda og með þeirra aðkomu má gera starfið enn betra.

Undirritaður var samningur við Dýrheima sem er stærsti styrktaraðili deildarinnar og var það Kristín Jónasdóttir sem kom á þeim samningi fyrir okkar hönd. Góðir styrktaraðilar eru gríðarlega mikilvægir til að geta haldið úti öflugu og góðu starfi og erum við þakklát þeirra framlagi.

Síðastliðið starfsár fór hægt af stað en þrátt fyrir erfitt árferði til prófa var haldið sóknarpróf og Áfangafellsprófið, en veiðipróf eru þungamiðjan í starfsemi deildarinnar.

Sóknarpróf

Sóknarpróf deildarinnar fór fram dagana 8. – 9. ágúst og samanstóð af bæði meginlandshundaprófi og hefðbundnu sækiprófi. Dómarar prófsins voru Dag Teien og Guðni Stefánsson og prófstjórar Sigrún Hulda Jónsdóttir og Atli Ómarsson. Mjög góð skráning var í prófið eða 18 skráningar báða daga, þar af 7 skráningar í meginlandshundaprófið.

Heiðarpróf

Árlega Royal Canin próf deildarinnar sem haldið er á Auðkúluheiði fór fram dagana 18. – 20. september. Virkilega góð þátttaka var í prófið en samtals voru 19 skráningar á föstudeginum, 18 skráningar á laugardeginum og 7 skráningar í KF á sunnudeginum ásamt 3 skráningum í alhliðapróf. Dómarar prófs voru Svafar Ragnarsson, Guðjón Arinbjarnarson og Unnur A. Unnsteinsdóttir sem dæmdi alhliðaprófið. Prófstjóri prófs var Haukur Reynisson.

Nefndir

Fræðslu- og göngunefnd	Endurskoðunarnefnd veiðiprófa	Veiðiprófanefnd	Sýninganefnd HRFÍ
Dagfinnur Smári Ómarsson Einar Örn Rafnsson Jón Ásgeir Einarsson Viðar Örn Atlason	<u>Veiðiprófsreglur</u> Bragi Valur Egilsson Dagfinnur Ómarsson Haukur Reynisson <u>Meginlandshundapróf</u> Kristín Jónasdóttir Sigrún Hulda Jónsdóttir Unnur A. Unnsteinsdóttir	Atli Ómarsson Dagfinnur Smári Ómarsson Haukur Reynisson	Eydís Elva Þórarinsdóttir

Óskað var eftir framboðum í nefndir og var ánægjulegt að sjá hversu margir höfðu áhuga á að starfa fyrir deildina. Skipað var í endurskoðunarnefnd veiðiprófa, veiðiprófanefnd og fræðslu- og göngunefnd ásamt fulltrúa FHD innan sýninganefndar HRFÍ. Frábær nýjung kom innan veiðiprófanefndar þar sem þeim sem ekki hafa áður tekið að sér prófstjórn var boðið að vera prófstjórar með reyndari prófstjórum og heppnaðist það fyrirkomulag einkar vel.

Í byrjun ársins 2020 hófst vinna við þýðingu á norsku veiðiprófsreglunum og sátu Jón Ásgeir og Sigurður Ben. Björnsson í þeirri nefnd fyrir hönd FHD. Mikil vinna fór í þýðinguna og þökkum við þeim fyrir.

Æfingar og viðburðir

Mikill metnaður var lagður í starf fræðslu- og göngunefndar þar sem nefndin stóð fyrir hinum ýmsu fræðsluerindum sem og að leiða æfingagöngur á heiði. Gríðarlega fjölmennt var á viðburði nefndarinnar og gaman að sjá hversu vel var að öllu staðið.

Sameiginlegar sækiaefingar Fuglahundadeildar og Deildar enska setans voru haldnar yfir sumarið þar sem unnið var ýmist með sókn á landi, sókn í vatni eða spor og voru æfingarnar mjög vel sóttar.

Æfingagöngur og sækiaefingar yfir sumartímann eru frábær vettvangur til að æfa hundinn sinn og fá leiðsögn ásamt því að kynna öðrum félögum í sportinu.

Sýningar

Ein sýning var haldin á árinu 2020 og voru 19 skráningar hunda innan FHD.

Þrjú hundar innan deildarinnar náðu sæti í grúppu 7 en það voru; Guzzi Da Dama Di-Ala-D'Oro, Bracco Italiano í eigu Guðbjargar Guðmundsdóttur og Péturs Alans sem var í fyrsta sæti, Gaflara Rjúpa, Gordon setter í eigu Guðrúnar Jónsdóttur, Ragnheiðar Sigurgeirsdóttur og Sigmundar Friðþjófssonar sem vermdi þriðja sætið og Magasparti Rutinos Káosz, Vizsla í eigu Eddu S. Thorlacius sem var í fjórða sæti. Þess má geta að Guzzi Da Dama Di-Ala-D'Oro náði 2. sæti í bestu hundur sýningar.

Stigahæstu hundar ársins 2020

Heiðarpróf

Unghundaflokkur **Puy Tindur De La Riviere Ouareau, Breton**

Opinn flokkur **Vatnsenda Karma, Pointer**

Keppnisflokkur **Vatnsenda Karma, Pointer**

Alhliðapróf **Erik Vom Oberland, Pudelpointer**

Stigahæsta ræktun ársins á heiðarprófum **Vatnsendaræktun**

Meginlandshundapróf

Unghundaflokkur **Erik Vom Oberland, Pudelpointer**

Opinn flokkur **Sika ze Strazistských Iesu, Pudelpointer**

Stigahæsta ræktun ársins á meginlandshundaprófum **Bláskjár-ræktun**

Sækipróf

Unghundaflokkur **Erik Vom Oberland, Pudelpointer**

Opinn flokkur **Sika ze Strazistských Iesu, Pudelpointer**

Sýningar

Guzzi Da Dama Di-Ala-D'Oro, Bracco Italiano

Í ár var það hundur innan Fuglahundadeildar sem var hundur ársins á heiðarprófum fuglahunda HRFÍ en það var pointerinn **Vatnsenda Karma**.

Stjórn Fuglahundadeildar óskar eigendum og ræktendum til hamingju með árangurinn.

Dagskrá 2021

Þann 6. -7. mars fór fram Ellaprófið og var mjög góð skráning í það próf. Sóknarpróf deildarinnar fer fram samkvæmt áætlun dagana 24. - 25. júlí þar sem boðið verður upp á skráningu í hefðbundið sækipróf og meginlandshundapróf. Þar sem ekki var hægt að halda meginlandshundapróf eins og lagt var upp með núna í vor mun prófið fara fram helgina 4.- 5. september og er stefnt að því að halda námskeið vikuna fyrir próf.

17. – 19. september fer fram árlega Áfangafellsprófið þar sem prófað verður í öllum flokkum auk alhliðaprófs og að lokum verður deildin með meginlandshundapróf 16. – 17. október.

Stjórn Fuglahundadeildar vill þakka félagsmönnum, prófstjórum, dómurum, tengiliðum, nefndarmeðlimum og öllum þeim sem koma að starfinu kærlega fyrir allt það óeigingjarna starf sem lagt hefur verið af mörkum fyrir deildina. Jafnframt vill stjórn þakka styrktaraðilum sem hafa verið okkar bakhjarlar í starfinu, en þeir eru;

Dýrheimar
DagnýOgCo
Coca Cola European Partners
Byggingafélagið Rætur
Hits.is
Orion vefsmiðja
Zoon Iceland

Að lokum viljum við óska öllum þeim sem náð hafa árangri með hundana sína á árinu innilega til hamingju og bjóðum nýliða hjartanlega velkomna í starfið.

Rekstrar- og efnahagsreikningur FHD

Fuglahundadeild HRFÍ (kt. 670309-0290)
Bankareikningur (0536-04-761745)

Rekstrarreikninur ársins 2020

Tekjur ársins	
Seldur varningur	86.200
Vaxtatekjur	1.912
Samtals tekjur	88.112
Gjöld ársins	
Nethýsing og lén	71.183
Vaxtagjöld	428
Samtals gjöld	71.611
Veiðipróf	
Meginlandshundapróf*	(33.295)
Sóknarpróf	(176.021)
Haustpróf	(134.652)
Innborgun HRFÍ**	116.678
Samtals v/veiðiprófa	(227.290)
Tap tímabilsins***	
	(210.789)
Hagnaður að teknu tilliti til innborgana 2021 v/2020	
	104.002

**Pantað var flug fyrir dómara í meginlandshundapróf deildarinnar árið 2020 sem ekki var nýttur, á deildin því inni flugmiða sem verður nýttur 2021.*

***Að baki innborgunar frá HRFÍ liggur útlagður kostnaður við veiðipróf deildarinnar sem fram fóru á árinu 2020.*

****Innborgun frá HRFÍ var greidd inn á reikning deildarinnar í byrjun árs 2021 að fjárhæð 176.021,- kr. ásamt styrk frá Dýrheimum að fjárhæð 155.271,- kr. eða samtals 331.292,- kr. vegna starfsársins 2020.*

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Hrein eign Fuglahundadeildar HRFÍ 31. desember 2020 var kr. 620.223,- á bankabók (0536-04-761745).

Til samanburðar var hrein eign þann 31. desember 2019 kr. 831.012,-.

Reykjavík 17. mars 2021

Fyrir hönd stjórnar Fuglahundadeildar

Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir